


## 11. FRIÐUR

*Friðarmenning mun verða ríkjandi þegar þegnar heims öðlast skilning á hnattrænum vandamálum, verða hæfir til að leysa ágreining og berjast fyrir réttlæti á friðsamlegan hátt, lifa samkvæmt alþjóðlegum reglum um mannréttindi og jafnræði, styðja menningarlega fjölbreytni og sýna jörðinni, sem og hver öðrum, virðingu. Slíku markmiði verður aðeins náð með skipulegri friðarfræðslu.*

Haag-áætlunin um frið og alþjóðabaráttu fyrir friðarfræðslu



Forsenda þess að friður nái að ríkja er að slík mannréttindamenning verði að veruleika. Hernaðaráttök og ofbeldi stríða óhjákvæmilega gegn mannréttindum og varanlegur friður og öryggi mun ekki ríkja fyrir en öll mannréttindi verða virt.

Núna á tuttugustu og fyrstu öldinni má segja að Evrópa sé ef til vill að mestu laus við hernaðaráttök, en ágreiningur sem snertir börn er ekki úr sögunni. Vopnuð átök ógna sumum svæðum á Balkanskaganum og í Kákasuslöndunum. Þar sem heimurinn er ein samtengd heild hafa vopnuð átök á fjarlægum stöðum, svo sem í Afganistan eða Írak, áhrif í Evrópu, t.d í Madríd og London. Aðrir þættir sem ógna friði og öryggi eru einnig að færast í aukana: þurrkar, sjúkdómar, fátækt, hungursneyð, kynþáttafordómar og umburðarleysi er hvort tveggja í senn orsök og afleiðing átaka.

Tuttugasta öldin var átakamesta tímabil sögunnar, með meira mannfalli en allar undangengnar aldir samanlagt. Sumir atburðir, svo sem fyrri og síðari heimsstyrjöldin, settu mark sitt á heiminn og lögðu stóran hluta Evrópu í rúst. Í öðrum tilvikum var um svæðisbundinn ágreining að ræða (t.d. innbyrðis átök á Spáni, Kýpur, Grikklandi og Írlandi). Og tuttugustu öldinni lauk í Evrópu með stríði í fyrrum Júgóslavíu og Kákasuslöndunum.

Í heimi stöðugt aukinnar hnattvæðingar og hátækni sem við lifum í, hafa ágreiningsmál orðið allt annars eðlis en áður, en þó er mannfall enn allt of mikið meðal almennra borgara, að börnum meðtöldum. Í hópi flóttafólks í heiminum eru börn í meirihluta, mörg þeirra flýja vopnuð átök í heimalöndum sínum. Enn fremur hefur a.m.k. hálfri milljón drengja og stúlkna undir átján ára aldri verið gert að taka þátt í hernaðaráttökum um heim allan, ýmist með því að berjast á vígvellinum, koma jarðsprengjum og sprengiefni fyrir eða koma til aðstoðar á einhvern hátt. Þau áhrif sem stríð hefur á börn eru alveg skelfileg og óbætanleg, skilja eftir sig andleg og líkamleg sár og tortíma fjölskyldum þeirra og samfélagi.



## Hvað er mannöryggi?

Mannöryggi er tiltölulega nýtt hugtak sem felur í sér viðurkenningu á innbyrðis tengslum ofbeldis og hvers kyns missis eða skorts. Mannöryggi snýst um að vernda manneskjuna og samfélagið fyrir beinni hættu á líkamlegu ofbeldi og hinum óbeinu hættum sem stafa af fátækt og annars konar félagslegum, efnahagslegum eða pólitískum ójöfnuði, sem og náttúruhamförum og sjúkdómum. Ríki þarf ekki að stafa hættu af utanaðkomandi árás eða innbyrðis átökum, en getur þó verið varnarlaust ef það hefur til dæmis ekki bolmagn til að halda uppi lögum og reglu, ef fjöldi íbúa er á flótta vegna hungursneyðar eða sjúkdómar höggva skarð í þjóðina, eða ef fólk skortir lífsnauðsynjar til að komast af.

Mannöryggi ýtir undir mannréttindi því að það fjallar um aðstæður sem mannréttindum stendur alvarleg ógn af og styður þá kerfisuppbyggingu sem veitir fólki þær nauðsynjar sem það þarf til að lifa af, virðingu og mikilvægt frelsi: frelsi frá skorti, frelsi frá ótta og frelsi til að grípa til aðgerða á eigin forsendum. Til að ná þessu marki er þeim allsherjaráætlunum beitt að vernda fólk og efla. Með því að veita fólki vernd er því hlíft við beinni hættu, en einnig leitast við að skapa venjur og aðferðir og koma á fót stofnunum sem viðhalda öryggi. Með því að efla fólk lærir það að nota alla möguleika sína og taka fullan þátt í ákvarðanatökum. Verndun og efling eru þættir sem styrkja hver annan og þurfa báðir að vera fyrir hendi við flestar aðstæður.

Árið 2003 gaf sérskipuð nefnd SP um mannöryggi út skýrsluna „Human Security Now“, þar sem tilgreind eru þau meginviðfangsefni sem vinna skal að til að mannöryggi verði komið á til framtíðar:

- Að vernda fólk þar sem alvarleg átök eiga sér stað, þar með talin aukin hervæðing.
- Að vernda og styðja fólk sem er á flótta, bæði þá sem yfirgefa heimaland sitt til að njóta betri lífsskilyrða og þá sem neyðast til að flýja undan átökum eða alvarlegum mannréttindabrotum.
- Að vernda og styðja fólk að loknum átökum, þar með talið við uppbyggingu stríðshrjáðra samfélaga.
- Að stuðla að efnahagslegu öryggi með því að sjá til þess að lágmarks lífsskilyrði séu hvarvetna fyrir hendi og að fólki sé gert kleift að losna úr fátæktargildrunni.
- Að stuðla að almennu aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu, einkum hvað varðar hnattræna smitsjúkdóma og farsóttir, fátæktarsjúkdóma og heilsutjón af völdum ofbeldis.
- Að stuðla að því að allir fái notið almennrar grunnmenntunar.
- Að sýna fram á að samkenndar sé þörf meðal allra jarðarbúa, jafnframt því sem frelsi einstaklinga til að vera öðruvísi en aðrir er virt.

---

**SPURNINGAR:** *Hvaða þættir ógna örygginu hér á landi? Hvernig raska þeir samfélaginu? Hvernig hefur slíkt óöryggi áhrif á börnin sem þú vinnur með?*

---

## Friður sem mannréttindi

Friður er ekki aðeins fólgin í því að vera laus við erjur og ofbeldi, heldur einnig listinni að lifa í sátt og samlyndi þannig að allir þegnar samfélagsins fái notið mannréttinda sinna. Þó að friður sé ekki formlega lögleiddur sem mannréttindi er hann þó viðurkenndur sem mikilvægur liður í því að hægt sé að njóta mannréttinda, og heyrir undir **þriðju kynslóð** mannréttinda eða svokölluð **sameiginleg réttindi**. Það eru réttindi sem varða heilu samfélögin eða hópa fólks en ekki einungis einstaklinga, svo sem rétturinn til heilsusamlegs umhverfis, til sjálfbærrar þróunar, til samskipta eða til að eiga hlutdeild í sameiginlegri arfleidd mannkyns. Mannréttindi leiða einnig til friðar: því betur sem samfélagið eflir, verndar og uppfyllir mannréttindi þegna sinna þeim mun meiri líkur eru á að hægt verði að draga úr ofbeldi og leysa ágreining með friðsamlegum hætti.



Árið 1999 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfirlýsingu UNESCO um friðarmenningu. Í henni er kveðið á um að öllum þegnum samfélagsins beri að stuðla að friðarmenningu, þar á meðal for-eldrum, kennurum, stjórnámálamönnum, blaðamönnum, trúfélögum, menntasamfélaginu, opinberum stofnunum, þeim sem leggja stund á vísindalega, heimspekilega, skapandi og listræna starfsemi, heilbrigðisstarfsfólki, félagsráðgjöfum, stjórnendum á ýmsum stigum og frjálsum félagasamtökum.

## Þvermenningarleg og þvertrúarleg samskipti

*Þvermenningarleg samskipti, elsta undirstöðuatriði lýðræðislegrar samræðu, vinna gegn útskúfun og ofbeldi. Markmiðið er að gera öllum kleift að lifa saman í sátt og samlyndi í fjölmennningarlegum heimi, að skapa tilfinningu fyrir samheldni og hlutdeild.*

Þvermenningarleg samskipti og Evrópuráðið:  
[www.coe.int/t/dg4/intercultural/default\\_en.asp](http://www.coe.int/t/dg4/intercultural/default_en.asp)

Með auknum búferlaflutningum, áhrifum alþjóðavæðingar og framförum á sviði upplýsinga- og samskiptatækni hefur hreyfanleiki fólks orðið meiri. Menningarleg fjölbreytni er því farin að verða eitt megineinkenni allra Evrópulandanna. Þó að slík fjölbreytni sé hverju samfélagi mikill fengur, fylgja henni jafnframt ný félagsleg og pólitísk vandamál. Eftir því sem fleiri spurningar um sjálfsmynd þjóðar vakna geta „staðalmyndir, kynþáttafordómar, útlendingahatur, umburðarleysi, mismunun og ofbeldi orðið friði og uppbyggingu innan sveitarfélaga sem og á landsvísi meiri ógn“.<sup>1</sup> Neikvæðar afleiðingar slíks eru af ýmsu tagi, allt frá félagslegri útskúfun úr samfélaginu til alþjóðlegra deilumála.

Þvermenningarleg samskipti eru rétta leiðin til að vinna gegn þessari þróun, læra að lifa í samfélagi við aðra og skapa tilfinningu fyrir samheldni og hlutdeild. „Þvermenningarleg samskipti eru hreinskiptin og kurteisleg skoðanaskipti milli einstaklinga og samfélagshópa sem tilheyra ólíkum menningarheimum og stuðla að dýpri skilningi á lífssýn annarra.“<sup>2</sup> Einkum er mikilvægt að viðurkenna hvaða hlutverki trúfélög gegna í þessu ferli sem gengur út á að móta sjálfsmyndina og hvetja til þvertrúarlegra umræðna til að ryðja úr vegi trúartengdum staðalmyndum og mismunun á öllum stigum þjóðfélagsins.

**SPURNINGAR:** *Eru einhver trúfélög hér á landi sem hafa áhrif á það hvernig fólk lifir í samfélagi við aðra? Hefur ágreiningur vegna mismunandi trúarskoðana áhrif á börnin sem þú vinnur með?*

## Friðarfræðsla

Upphaflega beindist friðarfræðsla að því að koma í veg fyrir að kjarnorkustríð gæti eytt öllu lífi á jörðinni en núna er áherslan lögð á hið víðtæka markmið að gera friðarmenningu að veruleika. Lögð er áhersla á að skilja hvað það er sem veldur ágreiningi og ryðja því úr vegi, svo sem fátækt og hvers kyns mismunun, sem og að kenna fólki að leysa úr ágreiningsmálum. Að finna friðsamlega lausn á ágreiningi er ekki meðfæddur hæfileiki heldur færni sem þarf að tileinka sér frá blautu barnsbeini. Eins og Mahatma Gandhi sagði: „Ef við ætlum að breiða út friðarboðskap í heiminum verðum við að tala fyrst við börnin.“<sup>3</sup>

*Undirbúa [skal] barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsum þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.*

Barnasáttmálinn, d-liður 29. greinar



Börn lenda alltaf í einhverjum erjum við önnur börn, foreldra sína, kennara eða annað fullorðið fólk. Slíkur ágreiningur er ekki neikvæður eða skaðlegur í eðli sínu; venjulega leysist hann fljótt. Aftur á móti leiðir ofbeldi, þegar valdi er beitt á óvæginn eða hrottalegan hátt, ávallt til meiðsla og eyðileggingar. Því hafa ýmsar leiðir verið farnar til að leysa ágreining á friðsamlegan hátt, svo sem með samkomulagsaðgerðum og öðrum aðferðum sem leiða til gagnkvæms samkomulags (þar sem enginn býður lægri hlut) og málamiðlunar. Hverju barni er mikilvægt að læra að takast á við ágreining og forðast ofbeldi.

**SPURNINGAR:** *Hvernig bregðast börnin yfirleitt við þegar ágreiningur kemur upp? Geturðu kennt þeim að takast betur á við ágreining og leysa deilur?*

Með friðarfræðslu er miðlað þeirri þekkingu, færni, viðhorfum og gildum sem þarf til að breyta hegðunarmynstri, þannig að börn, unglingar og fullorðið fólk komi í veg fyrir ágreiningsmál og átök, jafnt sýnileg sem skipulögð, leysi úr ágreiningi á friðsamlegan hátt og skapi aðstæður sem stuðla að friði milli einstaklinga og innan tiltekinna hópa ekki síður en á lands- eða alþjóðavísu. Með því að fræðast um friðarmál öðlast börn meiri sjálfsvirðingu, þau læra að leysa vandamál og verða öruggari í framkomu.

UNICEF (Barnahjálp SÞ) og UNESCO (Menningarmálastofnun SÞ) eru þær stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem vinna einkum að friðarfræðslu. UNICEF lýsir friðarfræðslu á eftirfarandi hátt sem þjálfun og öðru fræðslustarfi:

- gegnir hlutverki „griðastaða“, þar sem börn eru óhult gagnvart alvarlegum átökum;
- styður grunnréttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum;
- skapar andrúmsloft þar sem framkoma einkennist af friði og virðingu meðal allra sem aðild eiga að námssamfélaginu;
- sýnir í verki hvernig jafnrétti og jafnræði skulu ríkja í stjórnunarstefnu og -starfi;
- byggir á þeirri þekkingu á friðarstarfi sem fyrir hendi er í samfélaginu, þar á meðal hvernig ágreiningur er leystur á skilvirkan hátt, án ofbeldis, og á grundvelli viðkomandi menningarheims;
- tekst á við ágreining með þeim hætti að réttindi og virðing allra sem hlut eiga að máli séu virt;
- eykur skilning á friðarmálum, mannréttindum, félagslegu réttlæti og hnattrænum málafnum í tengslum við námsefnið eftir því sem unnt er;
- skapar vettvang fyrir upplýsandi umræður um gildi friðar og félagslegs réttlætis;
- beitir kennslu- og námsaðferðum sem leggja áherslu á þátttöku, lausn vandamála og virðingu fyrir fjölbreytileika;
- gerir börn fær um að sýna friðarhug í verki innan kennslustofnana sem og í samfélaginu almennt;
- skapar öllum kennurum möguleika á að huga stöðugt að og auka faglega þekkingu sína á málafnum sem varða frið, réttlæti og réttindi.<sup>4</sup>

Mikið af þeirri starfsemi sem fer fram innan UNESCO snýst um að efla menntun á sviði friðarmála, mannréttinda og lýðræðis. Upp úr 1990 hóf UNESCO að móta hugmyndirnar um fræðslu á sviði „friðarmenningar“ enn frekar með það fyrir augum að „skapa nýja friðarsýn með þróun friðarmenningar sem byggist á almennum gildum, svo sem virðingu fyrir lífinu, frelsi, réttlæti, samstöðu, umburðarlyndi, mannréttindum og jafnrétti karla og kvenna, sem og að auka fræðslu og rannsóknir þar að lútandi“.<sup>5</sup>

Friðarfræðsla er mikilvægur liður í því fjölbreytilega fræðslustarfi og menntun sem stuðlar að mannréttindum, friðarmenningu og lýðræði. Sjá II. kafla, bls. 25.



## Mikilvægir mannréttindasamningar

### Evrópuráðið

Í inngangsorðum Mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um hin mikilvægu tengsl friðar og mannréttinda og staðfest að mannfrelsi sé

*... undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnaritari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins.*

Fimmta grein Mannréttindasáttmála Evrópu tryggir öllum mönnum frelsi og öryggi, einkum gagnvart tilefnislausri handtöku og varðhaldi á vegum ríkisvaldsins.

Evrópuráðið stendur fyrir ýmiss konar starfsemi til að stuðla að umburðarlyndi, friði og gagnkvæmum skilningi manna á meðal, svo sem mannréttindamenntun, menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og þvermenningarlegum og þvertrúarlegum samskiptum. Árið 2007 gaf Evrópuráðið út *Hvítbók um þvermenningarleg samskipti\**, heildstæða stefnumótun um aukin þvermenningarleg samskipti innan Evrópu og milli Evrópu og nágrannaríkja hennar.

### Sameinuðu þjóðirnar

Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar árið 1945 til „að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar“, „að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi [og] jafnrétti karla og kvenna“, „að skapa skilyrði fyrir því, að hægt sé að halda uppi réttlæti og virðingu fyrir skyldum þeim, er af samningum leiðir og öðrum heimildum þjóðaréttar“ og „að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífsskjörum án frelsisskerðingar ...“<sup>6</sup>

Friðarfræðsla hefur orðið til sem leið til að ná þessum markmiðum. Um er að ræða fræðslu sem endurspeglar 26. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar, sem kveður ekki einungis á um réttinn til menntunar heldur að beina skuli menntun „í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi“. Hún skal efla „skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og ... styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar“.

Í 38. og 39 grein Barnasáttmálans er fjallað um rétt barna þegar vopnuð átök eiga sér stað. Í 38. greininni er kveðið á um að gera skuli „allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja börnum, sem áhrif vopnaðra átaka ná til, vernd og umönnun“. Og 39. greinin kveður á um að sjá skuli til þess að börn sem sætt hafa hvers kyns misþyrmingum, þar með verið fórnarlömb vopnaátaka, skuli hljóta „líkamlegan og sálrænan bata og aðlagast samfélaginu á ný“. Sérstaklega er tekið fram að ekki skuli kalla börn til herþjónustu. Í 38. grein er lagt bann við að börn sem ekki hafa náð fimmtán ára aldri taki beinan þátt í átökum, en á árinu 2000 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valfrjálsa bókun um þátttöku barna í vopnuðum átökum, þar sem lágmarksaldur er hækkaður í átján ár.

### Gagnlegar heimildir

- Fountain, Susan, *Peace Education in UNICEF*: UNICEF, 1999: [www.unicef.org/girlseducation/files/PeaceEducation.pdf](http://www.unicef.org/girlseducation/files/PeaceEducation.pdf)
- Myers-Walls, Judith A., *Talking to Children about Terrorism and Armed Conflict*: Vol.7, No.1, 2002: North Carolina State Forum for Family and Consumer Issues: [www.ces.ncsu.edu/depts/fcs/pub/2002w/myers-wall.html](http://www.ces.ncsu.edu/depts/fcs/pub/2002w/myers-wall.html)



.....  
**Gagnleg vefsvæði**

- Stofnskrá Sameinuðu þjóðanna: [www.unhchr.ch/html/menu3/b/ch-pream.htm](http://www.unhchr.ch/html/menu3/b/ch-pream.htm)
- Börn og vopnuð átök: [www.crin.org/themes/ViewTheme.asp?id=11](http://www.crin.org/themes/ViewTheme.asp?id=11)
- Yfirlýsing um friðarmenningu: UNESCO, 2000: [www.unesco.org/cpp/uk/declarations/2000.htm](http://www.unesco.org/cpp/uk/declarations/2000.htm)
- Evrópusáttmálinn um fjölmiðlalæsi: [www.euromedialiteracy.eu/index.php](http://www.euromedialiteracy.eu/index.php)
- The History Guide, Revolutionizing education in the spirit of Socratic wisdom: [www.history-guide.org](http://www.history-guide.org)
- Hvítbók Evrópuráðsins um þvermenningarleg samskipti: [www.coe.int/t/dg4/intercultural/default\\_en.asp](http://www.coe.int/t/dg4/intercultural/default_en.asp)
- Stefnuyfirlýsing árið 2000 um friðarmenningu og baráttu gegn ofbeldi, alþjóðlegur áratugur helgaður friðarmenningu og baráttu gegn barnaofbeldi í heiminum, 2001 –2010: UNESCO, 2000: [www3.unesco.org/manifesto2000/uk/uk\\_manifeste.htm](http://www3.unesco.org/manifesto2000/uk/uk_manifeste.htm)
- United Nations Cyberschoolbus: [www.un.org/cyberschoolbus/peace/home.asp](http://www.un.org/cyberschoolbus/peace/home.asp)

.....  
**Tilvísanir**

- 1 Undirbúningur „Hvítbókar Evrópuráðsins um þvermenningarleg samskipti“, samráðsskýrsla, bls. 3. [www.coe.int](http://www.coe.int)
- 2 Sama heimild, bls. 6.
- 3 Sjá áhugaverðar tilvitnanir: [www.peace.ca/inspiringquotations.htm](http://www.peace.ca/inspiringquotations.htm)
- 4 Fountain, Susan, *Peace Education in UNICEF*, 1999. bls. 6.
- 5 *UNESCO and a Culture of Peace*, UNESCO Publishing, 1995.
- 6 Sjá Stofnskrá Sameinuðu þjóðanna: [www.unhchr.ch/html/menu3/b/ch-pream.htm](http://www.unhchr.ch/html/menu3/b/ch-pream.htm)

